Námsgrein: Íþróttir 1.- 4. bekkur

Kennarar: Selmdís Þráinsdóttir, Sólveig Guðrún Aðalsteinsdóttir og Valdís Jósefsdóttir

Tímafjöldi á viku: 1.-2. bekkur mætir tvisvar í viku í 60 mín og 3- 4.bekkur mætir einu sinni í viku í 60 mín í senn.

Kennsluaðferðir og skipulag: Kennsla fer að mestu fram í íþróttarhöllinni á Húsavík en í einstaka tilfellum er kennsla færð út og nemendur fá tækifæri til að hreyfa sig í sínu nærumhverfi. Forsenda fyrir því er að veður sé ákjósanlegt m.t.t. aldurs og þroska nemenda. Í íþróttarhöllinni fer kennsla aðallega fram í aðalsal byggingarinnar.

Lagt er upp úr því að hafa kennslu eins fjölbreytta og kostur er á þar sem miðað er að því að stuðla að heilbrigði og velferð nemenda. Reynt er eftir bestu getu að komast til móts við þarfir allra nemenda hverju sinni. Rauði þráðurinn í allri kennslu er þó að skapa aðstæður þar sem nemandi fær tækifæri til að þroskast andlega, líkamlega og félagslega með það í huga að þau njóti þess að hreyfa sig.

Nemendur takast á við verkefni sem reyna meðal annars á styrk, þol og liðleika í gegnum hinar ýmsu íþróttir og leikir. Nemendur fá meðal annars að kynnast margskonar knattíþróttum, fimleikum, frjálsíþróttum, bandý, dans, klifri, hniti. Ásamt fjölbreyttum leikjum.

Skipulag kennslustundar er yfirleitt þríþætt, þar sem byrjað er á upphitun, aðalhluti svo tekin fyrir og endað á niðurlagi. Nemendur vinna í litlum sem og stórum hópum eða sem einstaklingar þar sem lögð er áhersla á að virkja alla nemendur.

Námsmat: Leiðsagnarmat miðar af því að fylgjast með stöðu nemanda og sjá stöðuna á meðan námi stendur. Fylgst er með færni, virkni og hegðun nemenda.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur séu læsir á umhverfi sitt og líkama.
Sjálfbærni	Nemendur geti tekist á við verkefni með samspili umhverfis og félagslegra þátta.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur læri mikilvægi hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá að hafa áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum sé boðið uppá góða aðstöðu til íþróttaiðkunar. Að nemendur vinni saman og sýni góða framkomu. Virðing sé gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins.
Jafnrétti	Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, hnit, fimleikar, dans, íþróttir fatlaðra og fjölbreyttir leikir.	Inni: áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu íþróttagreinar. Úti: það sem náttúruna hefur upp á að bjóða	Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til heilbrigðrar hreyfingar og hollra lífshátta. • Að nemendur kynnast og þjálfast í grunnhreyfingum á borð við hlaupa, ganga, hoppa, skríða. • Að nemendur geti tekið þátt í leikjum og geta gert einfaldar talningar í þeim. • Að nemendur öðlist færni í hinum ýmsu bolta íþróttum • Nemendur geti gert æfingar sem reyna á samhæfingu, ritmýskar og lipurð. • Að nemendur öðlis þol og þrek gegnum leik og leikrænar æfingar. • Að nemendur læri að vinna með þær tilfinningar sem fylja því að vinna og tapa	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum.

Í íþróttakennslu í 1.–4. bekk er unnið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálann með áherslu á heilsu, vellíðan, jafnrétti, samvinnu og virðingu. Leitast er við að skapa jákvætt og öruggt námsumhverfi þar sem allir nemendur fá tækifæri til að taka þátt, efla færni sína og upplifa ánægju af hreyfingu.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

Grein	**Birtingarmynd í námsmáætlun íþróttakennslu**
2. grein	Börnum eru tryggðar aðstæður til að taka þátt í íþróttum óháð kyni, uppruna, trú eða efnahag foreldra.
19. grein	Börnum skal tryggt öruggt umhverfi þar sem þau hljóta vernd gegn ofbeldi í öllum birtingarmyndum.
31.grein	Börnum skal veitt tækifæri til að stunda taka þátt í leikjum og afþreyingu sem hæfa aldri

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið	Birtingarmynd í námsmáætlun íþróttakennslu
3. Heila og vellíðan	Nemendur efla líkamlega og andlega heilsu með fjölbreyttri hreyfingu, leikjum og íþróttum. Áhersla er lögð á mikilvægi reglulegrar hreyfingar, heilbrigðra lífshátta og jákvæðrar upplifunar af íþróttaiðkun.
4. Menntun fyrir alla	Nemendur fá tækifæri til að þroska hreyfifærni sína og læra nýjar íþróttagreinar í gegnum fjölbreytt verkefni sem taka mið af getu og þörfum hvers og eins.
5. Jafnrétti kynja	Áhersla er lögð á að allir nemendur fái jöfn tækifæri til þátttöku óháð kyni. Nemendur læra að sýna hver öðrum virðingu og vinna saman í leikjum og íþróttum.
10. Aukinn jöfnuður	Unnið er að því að allir nemendur geti tekið virkan þátt í kennslunni óháð getu, fötlun eða bakgrunni. Verkefni eru aðlöguð eftir þörfum til að stuðla að þátttöku og jákvæðri upplifun allra.